

Niðurstöður úr innra mati grunnskólans.

# Grunnskólinn í Borgarnesi

Innra mat 2018 - 2019

Hulda Hrönn Sigurðardóttir  
deildarstjóri sérkennslu

---

## Efnisyfirlit

Forsendur innra mats .....	2
Lagalegur grunnur .....	2
Tilgangur .....	2
Framkvæmd .....	2
Matskerfin .....	3
Gæðagreinir .....	3
Samræmd próf .....	4
Um skólann .....	5
Niðurstaða úr Gæðagreinum .....	5
Gæðagreinir 2.1 Námsreynsla nemenda .....	5
Úrbótaáætlun .....	6
Samantekt .....	7
Gæðagreinir 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi .....	7
Úrbótaáætlun .....	8
Samantekt .....	8
Gæðagreinir 5.6 Jafnrétti og sanngirni .....	9
Úrbótaáætlun .....	10
Samantekt .....	10
Gæðagreinir 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna .....	10
Úrbótaáætlun .....	11
Samantekt .....	12
Gæðagreinir 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð .....	12
Úrbótaáætlun .....	13
Samantekt .....	13
Álit á matsaðferð .....	13
Samræmd próf .....	14
Lokaorð .....	14

# Forsendur innra mats

## Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er í VIII kafla, 35. og 36. gr. kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Það skal gert með kerfisbundnum hætti og þeir sem komi að matinu séu starfsmenn skóla, foreldrar og nemendur. Þetta er svokallað innra mat, þ.e. þeir sem starfa í skólanum og að skólastarfinu séu að leggja mat á sitt starf, kennsluna, námið og almennt þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Tilgangurinn með þessu er að finna það sem vel er gert, finna það sem þarf að laga og auka þannig enn frekar gæði starfsins og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Niðurstöður úr innra mati á að birta opinberlega. Skv. 37. gr. sömu laga bera sveitarfélög ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt og útbótum sé fylgt eftir.

## Tilgangur

Innra mat er lagt fyrir í þeim tilgangi að finna það sem vel er gert í skólastarfinu, finna það sem gera má betur og hvort sú þjónusta sem skólinn veitir er í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla. Niðurstöður úr innra mati á að nýta vel til að gera starfið enn betra. Á grundvelli niðurstaðna skal gerð tímasett úrbótaáætlun. Mikilvægt er að hún sé raunhæf og henni sé fylgt markvisst eftir. Skýrslu um innra mat skal skila til sveitarfélagsins, strax að skóla loknum að vori.

## Framkvæmd

Deildarstjóri sérkennslu sér um að leggja fyrir Gæðagreina sem eru meginþáttur í innra mati skólans. Þeir gæðagreinar sem lagðir eru fyrir eru skráðir í matsáætlun í starfsáætlun skólans. Deildarstjórar skólans höfðu umsjón með fyrirlögn samræmdra könnunarprófa.

Undanfarna vetur höfðu Gæðagreinar verið lagðir fyrir á starfsmanna- eða kennarafundum, gjarnan þegar langt var liðið á fundinn, allir orðnir þreyttir og því líklegast að a.m.k. einhverjir hópar hafi ekki ígrundað þau atriði sem farið var yfir, heldur áherslan á að hespa þessu af. Tveir til þrír Gæðagreinar höfðu yfirlétt verið lagðir fyrir í einu.

Ákveðið var að reyna aðra aðferð í vetur. Starfsmannahópnum var skipt í níu hópa, auk þess sem skipaður var hópstjóri. Hópstjórar fékk alla Gæðagreina vetrarins afhenta og hópurinn fyrirsmæli um að velja sér tíma til að vinna gæðagreinana innan ákveðins tímaramma. Ákveðið var að gæðagreinar 6.3 og 9.3 yrðu lagðir fyrir haustið 2020, því þetta þótti frekar mikið sem hópnum var ætlað að vinna innan ákveðins tímaramma. Hóparnir fengu frjálsar hendur um að velja hvernig haga skyldi vinnunni. Innan tímarammans, sem spannaði fjóra mánuði, voru tveir starfsdagar sem hægt yrði að nýta í þessa vinnu, ásamt öðru. Seinni starfsdagurinn var 22. mars og lokaskil voru 9. apríl. Hóparnir voru eindregið hvattir til þess að fara í þægilegt umhverfi og vinna að matinu við notalegar aðstæður. Ekki var gerð tillaga að vinnustundum eða magni sem unnið var á fundum, hóparnir sáu sjálfir um að skipta niður vinnunni og velja vinnutíma. Eina tillagan umfram það var að skrifa sterkar hliðar/veikar hliðar, og tillögur að úrbótum í stað þess að leggja aðaláhersluna á að krossa við. Hóparnir fengu einnig afhentar leiðbeiningar þar sem tekin eru dæmi um hvað liggur að baki því að gefa ákveðna einkunn.

Þegar hópstjórar fengu Gæðagreinana afhenta, þá fylgdu leiðbeiningar. Þar var tilgreint að tveir í hópnum væru ábyrgir fyrir að hópurinn ynni matið og skilaði niðurstöðu. Gert var ráð fyrir að það væri hópstjórans að velja annan úr hópnum með sér. Áherslan var lögð á að hópurinn myndaði sér skoðun á því sem spurt var um í hverjum Gæðagreini og leggði krafta sína í að setja fram skráningu á því sem vel

væri gert í því sem spurt væri um, hvað betur mætti fara og jafnfram að leggja fram tillögur um aðgerðir. Hópnunum var einnig bent á að að frekari leiðsögn og leiðbeiningar myndi deildarstjóri sérkennslu veita, á staðnum, í tölvupósti eða í síma.

## Matskerfin

### Gæðagreinir

Gæðagreinir er sjálfsmatskerfi sem heitir á frummálinu „How good is our school?“. Þetta er skoskt kerfi sem var innleitt í grunnskólum í Skagafirði og hefur verið notað þar undanfarin ár. Gæðagreinir var fyrst þýddur og innleiddur árið 1999 en árið 2010 var Gæðageinir 2 tekinn upp. Árskóli á Sauðárkróki er leiðandi í þessu starfi og á heimasíðu skólans má nálgast frekari upplýsingar um matskerfið, uppbyggingu, úrvinnslu og efnisþætti.

Áætlun um fyrirlögn Gæðagreina er tilgreind í starfsáætlun skólans. Alltaf liggur fyrir þriggja ára áætlun. Hér má sjá áætlun til ársins 2020. Mismunandi áherslupættir eru á hverju skólaári.

Taflan hér sýnir áætlun um fyrirlögn kannana og lykilkþátta Gæðagreinis 2 fram til ársins 2020.

	Sjálfsmatsáætlun 2017-2020			
	2016- 2017	2017 - 2018	2018 - 2019	2019-2020
<b>Hauströnn</b>	. Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun
	<b>Ggr. 5.7</b> Samstarf við nemendur og foreldra. <b>5.8.</b> Umhyggja, velferð og þroski nemenda.	<b>Ggr. 1.1</b> Framfarir í skólastarfi. <b>1.2</b> Samræmi skólastarfsins við lögbundnar skyldur.	<b>Ggr.2.1</b> Námsreynsla nemenda. <b>2.2</b> Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku i skólastarfi.	<b>Ggr. 5.5</b> Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri. <b>5.8</b> Umhyggja, velferð og þroski nemenda.
<b>Um miðan vetur</b>	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Skólapúls - foreldrar	Skólapúls - foreldrar	Skólapúls - foreldrar	Skólapúls - foreldrar
	<b>Ggr. 8.1</b> Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn. <b>8.3</b> Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis.	<b>Ggr. 3.1</b> Þátttaka starfsfólks í starfi skólans. <b>7.3</b> Starfsþróun og starfsmat/starfsmanna-viðtöl.	<b>Ggr. 6.1</b> Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna. <b>6.2</b> Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð. <b>6.3</b> Þróunaráætlanir.	<b>Ggr. 5.6</b> Jafnrétti og sanngirni. <b>5.9</b> Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs.

<b>Vorönn</b>	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Skólapúls - starfsm.	Skólapúls - starfsm	Skólapúls - starfsm.	Skólapúls - starfsm.
	<b>Ggr. 9.1</b> Sýn, gildi og markmið. <b>9.2</b> Forysta og framtíðaráform.	<b>Ggr. 4.1</b> Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið. <b>4.2</b> Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild.	<b>Ggr. 5.6</b> Jafnrétti og sanngirni. <b>9.3</b> Efling starfsmanna og samvinnu.	<b>Ggr. 9.3</b> Efling starfsmanna og samvinnu. <b>9.4</b> Forysta um framfarir og breytingar.

2016 – 2017 var áherslan er á samstarf við nemendur og foreldra, náms- og starfsráðgjöf, umhyggju, velferð og þroska nemenda. Samstarf við skólasamfélagið, stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis. Sýn og markmið, kerfisbundna áætlanagerð og markvissa miðlun upplýsinga.

2017 – 2018 var áherslan er á árangur/frammistöðu nemenda yfir ákveðið tímabil, áhrif þróunaráætlunar og framfarir í skólastarfi. Virka þátttöku starfsfólks í starfi skólans, starfsþróun og starfsmannaviðtöl. Samstarfið og tengslin við nærsamfélagið og árangur af því.

2018 – 2019 er áherslan er á áhuga og virka þátttöku nemenda, þátttöku foreldra og fjölskyldna í starfi skólans. Enduskoðun skólastefnu, þróunaráætlun og virk þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð. Jafnrétti og sanngirni, eflingu starfsmanna og samvinnu.

2019 – 2020 mun áherslan verða á hvaða leiðir og væntingar stuðla að góðum árangri, hvernig má tryggja sem best velferð og vellíðan nemenda í skólastarfinu, jafnrétti í skólastarfinu, sjálfsmat skóla sem grunn að umbótarstarfi, eflingu starfsmanna og samvinnu, auk forystu um framfarir og breytingar.

## Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september, ár hvert og fyrir nemendur í 9. bekk í mars. Samræmd próf eru á forræði Menntamálastofnunar. Niðurstöður er hægt að bera saman við árangur skólans árin á undan og við landsmeðaltal. Prófin eru lögð fyrir rafænt. Allir nemendur á grunnskólaaldri eru skráðir til prófs, en skólastjóra er heimilt að sækja um undanþágu ef ástæða þykir til og þá með samþykki foreldra. Í Grunnskólanum í Borgarnesi gildir sú regla að allir nemendur mæta í próf á prófdögum samræmdra prófa. Hafi verið sótt um undanþágu taka þeir nemendur einstaklingsmiðað skólapróf, rafrænt.

## Um skólann

Skólaárið 2018 - 2019 voru um það bil 300 nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi, í 1. – 10. bekk. Umsjónarkennarar voru 19. Einkunnarorð skólans eru sjálfstæði, ábyrgð, virðing, samhugur. Á yngsta stigi eru 1. – 3. bekkur, á miðstigi 4. – 7. bekkur og á unglingsstigi 8. – 10. bekkur. Töluverð samvinna er innan stiga og einnig eru verkefni þvert á alla árganga. Miklar framkvæmdir hafa verið við skólann, verið er að byggja við og lagfæra eldra húsnæði. Það hefur því verið þrengra um starfsemina í vetur, en áður. En það eru allir sáttir við að breytinga á aðstöðu sé að vænta og gera sitt besta til að láta starfið ganga sem best þó rýmið sé tímabundið heldur minna. Skólalóðin er ágæt og fótboltavöllurinn lagður gervigrasi og því nothæfur allt árið. Íþróttaaðstaðan í íþróttamiðstöðinni er ágæt. Heitur matur hefur verið í boði tvo daga í viku, en hina þrjá dagana taka nemendur með sér nesti.

## Niðurstaða úr Gæðagreinum

Þar sem allir Gæðagreinar voru lagðir fyrir í einum pakka, þá verður hér farið yfir niðurstöðu og tillögður að úrbótum varðandi hvern og einn þeirra. Samantekt er við niðurstöður úr hverjum þeirra. Í lokin er samantekt niðurstaðna og mat á þessari aðferð við fyrirlögn þeirra. Í einkunnagjöf Gæðagreina er lægst hægt að gefa 1 og hæst hægt að gefa 6. Eins og áður kom fram var starfsfólki skipt í níu vinnuhópa varðandi Gæðagreini. Sjö hópar skiluðu gögnum eða 78%, og það eru þau gögn sem liggja til grundvallar.

### Gæðagreininir 2.1 Námsreynsla nemenda

Gæðagreininir 2.1. er til að meta námsreynslu nemenda, áhuga og virkni. Hvort tekið er tillit til sjónarmiða nemenda og þeir séu meðvitaðir um styrkleika sína og þarfir í námi.

Í Gæðagreini 2.1. gaf starfsfólk eftirfarandi einkunnir:

- Áhugi og virkni nemenda í eigin námi, fékk einkunnina 4.
- Endurgjöf kennara og ábyrgð nemenda, fékk einkunnina 3,5.
- Jafnrétti, sanngirni og virðing, fékk einkunnina 5.
- Framfarir og árangur nemenda, fékk einkunnina 4.
- Tekið tillit til sjónarmiða nemenda og skoðanir þeirra virtar, fékk einkunnina 3.
- Nemendur upplifa sig örugga, farsæla og ábyrga í námi, fékk einkunnina 3,5.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 2.1 er eftirfarandi:

#### Sterku hliðarnar okkar

- Margir af þeim þáttum sem mældir eru í þessum Gæðagreini eru almennt vaxandi og við vera að gera betur á þessu sviði.
- Komið fram við alla nemendur af sanngirni, bæði í leik og starfi.
- Virðing starfsfólks fyrir nemendum.
- Komið fram við nemendur á jafnréttisgrundvelli.
- Hlustað á sjónarmið nemenda og reynt að koma til móts við þau.

### Veiku hliðarnar okkar

- Ekki nógu margir nemendur virkir og ábyrgir þátttakendur í námi og starfi
- Vantar meira skapandi starf
- Of lítill samfélagslegur agi og stundum metnaðarlesi foreldra bitna á skólastarfi
- Nemendur skortir virðingu fyrir öðrum, fyrir sjálfum sér og fyrir skólanum.
- Framfarir ekki nógu miklar, sérstaklega hjá slökum nemendum.

### Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að tekið sé tillit til skoðana nemenda.
- Velferð nemenda og ánægja í skólastarfi.
- Að nemendur hafi val og áhrif á eigið nám.
- Að leiðbeina nemendum við að tileinka sér þrautseigju, virkni og jákvæðni.
- Velferð og árangur nemenda.

### Tillögur um aðgerðir:

- Að nemendur hafi stundum val.
- Þjálfá þrautseigju markvisst
- Auka samvinnu heimilis og skóla/samfélags.
- Fámennir kennsluhópar möguleiki í öllum bekkjum.
- Einstaklingsviðtöl
- Hrós fyrir virkni og þrautseigju.
- Markviss sérkennsla á unglíngastigi.

## Úrbótaáætlun

Markmiðssett útbótaáætlun er hér sett fram. Tilgreint er hver vandinn er, hver gæti komið að lausn hans og settur tímarammi.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Auka virkni og ábyrgð nemenda	Kennarar og stjórnendur	Símat	Fjölbreyttari verkefni, skýrari ramma, traust.	Meta þátttöku í verkefnum, skil á verkum og sjálfstæð vinnubrögð.
Auka skapandi starf.	Kennarar, stjórnendur	Símat	Útsjónarsemi, skapandi hugsun og svigrúm í dagskránni.	Með samtali á stigum.
Efla virðingu nemenda.	Allir starfsmenn skóla.	Símat	Jákvæðni, auka ábyrgð nemenda á eigin verkum.	Með samtali á stigum.

Auka framfarir hjá slökum nemendum.	Kennarar, stuðningsfulltrúar, deildarstjóri sérk.	Símat	Skýrara skipulagi fylgt betur eftir. Verkefni við hæfi, endurmat reglulega.	Með því að skoða árangur nemenda.
-------------------------------------	---------------------------------------------------	-------	-----------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------

## Samantekt

Námsreynsla nemenda virðist almennt vera góð og heldur í sókn. Samstarf við skólasamfélagið þarf að vera betra til þess að betri stuðningur náist fyrir nemendur í heild. Þrautseigja í námi er áhersluatriði og einnig að nemendur séu ábyrgari í eigin námi og geti haft sterkari skoðanir á því.

## Gæðagreinir 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi

Gæðagreinir 2.2. er til að meta samstarf heimila og skóla. Horft er til núverandi reynslu af sýn foreldra, forráðamanna og fjölskyldna á gæði menntunar.

Í gæðagreini 2.2. gaf starfsfólk eftirfarandi einkunnir:

- Virkni foreldra í skólastarfinu, fékk einkunnina 3.
- Ánægja og öryggi foreldra með samstarfið, fékk einkunnina 3,5.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 2.2 er eftirfarandi:

### Sterku hliðarnar okkar

- Gott upplýsingaflæði til foreldra (t.d. vikufréttir, föstudagspóstur, Mentor)
- Næg tækifæri til foreldrasamstarfs
- Sveigjanleiki hjá kennurum/starfsfólki og boðin fram aðstoð ef þarf
- Vilji til samstarfs hjá starfsfólki skóla
- Allir gegna mikilvægu hlutverki.
- Öll sammála um að foreldrar gegna mög mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna sinna.

### Veiku hliðarnar okkar

- Foreldrar ekki virkir í að svara
- Skortir úrræði til að virkja fleiri foreldrar til samstarfs.
- Upplýsingaflæði til foreldra
- Traust milli foreldra og skóla
- Nýtt námsmat og flókið fyrir foreldra.
- Þátttaka foreldrar og ábyrgð á námi barna ekki næg.



### Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Gott upplýsingaflæði
- Foreldrar séu virkir í að svara/sýna viðbrögð
- Samstarf við foreldra.
- Föstudagspóstur og Vikufréttir
- Kenna foreldrum betur á Mentor.
- Kynna námsmátið betur.

### Tillögur um aðgerðir:

- Fjölskylduvænna samfélag, þ.e. minni hraði, minni kröfur, minni vinna. Það er oft erfitt að ná til foreldra vegna álags og anna hjá þeim.
- Leggja spurningar í þessum Gæðagreini fyrir foreldra.
- 

## Úrbótaáætlun

Markmiðssett úrbótaáætlun er hér sett fram.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Virkja foreldra til að svara því sem sent er.	Kennarar, stjórnendur	Símat	Gera könnun um hvaða samskiptaleið hentar flestum.	Með samtali á stigum.
Virkja foreldra til samstarfs.	Allir starfsmenn skólans.	Símat.	Tala jákvætt um skólastarfið, skapa grundvöll til að foreldrar geti tekið virkan þátt.	Með samtali á stigum og rafrænni könnun.
Efla upplýsingaflæði til foreldra.	Allir starfsmenn skóla.	Símat.	Kanna hvaða leið hentar flestum.	Með samtali og rafrænni könnun.
Kynna nýtt námsmat.	Kennarar, stjórnendur.	Kynning bæði á haust- og vorönn	Kynningu. Helst bæði fund og rafræna kynningu.	Með samtali og rafrænni könnun.

## Samantekt

Það þarf að finna leið til að þess að gera upplýsingaflæði til foreldra þannig að gagnvirkni í samskiptum náist. Talið er að leiðir til upplýsinga séu skilvirkar, en lítil svörun er. Gera þyrfti könnun meðal foreldra um hvað þeir teldu vænlegast, t.a.m. með því að leggja fyrir þá svipaðar spurningar og eru í Gæðagreini. Traust milli foreldra og skóla telst ekki nægilegt og einnig að ábyrgð foreldra á námi barna sinna þyrfti að vera meiri almennt.

## Gæðagreini 5.6 Jafnrétti og sanngirni

Gæðagreini 5.6 er til að meta hvernig stuðlað er að jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu, bæði í áætlunum og framkvæmd. Hvernig tekst að virkja nemendur og hvort fjölbreytileiki sé virtur.

Í Gæðagreini 5.6 gaf starfsfólk eftirfarandi einkunnir:

- Samstarf heimila og skóla, fékk einkunnina 4.
- Stuðningur við nemendur og foreldra, fékk einkunnina 4,5.
- Jafnrétti og sanngirni, fékk einkunnina 4,5.
- Virðing margbreytileika og höfnun á mismunun, fékk einkunnina 4,5.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 5.6 er eftirfarandi:

### **Sterku hliðarnar okkar**

- Við erum fjölbreyttur hópur.
- Við viljum vel.
- Reynum að koma til móts við þá sem eiga erfitt uppdráttar.
- Komum vel til móts við misjafnar þarfir nemenda.
- Berum virðingu fyrir öðrum
- Mikið unnið með jafnrétti og margbreytileika

### **Veiku hliðarnar okkar**

- Þurfum að þétta raðirnar
- Þurfum að vera markvissari í jafnréttisvinnu og námi.
- Kannski fer of mikill tími í þá sem þurfa mestu hjálpina á kostnað þeirra sem geta meira.
- Of lítill sýnileiki
- Þátttaka allra ekki tryggð
- Erfitt að virkja nemendur sem eru óvirkir.

### **Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

- Jafnrétti og sanngirni
- Jafnrétti og virðing

### **Tillögur um aðgerðir:**

- Auka sýnileika

## Úrbótaáætlun

Hér er sett fram markmiðsett úrbótaáætlun.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Þetta raðir starfsmanna	Starfsmenn, stjórnendur, mannauðsstjóri	Sífelld í endurskoðun	Vilja, skapa aðstæður og hugmyndaauðgi.	Með samtali.
Markvissari jafnréttisvinna	Allir starfsmenn skóla.	Símat	Kynningu á jafnréttisstefnu, umræðu um jafnrétti, ítekað.	Með samtali.
Jafna námslegan stuðning	Kennarar, deildarstjóri sérk.	Símat	Endurskoðað skipulag innan hvers bekkjar.	Með samtali.
Virkja "óvirka" nemendur	Allir starfsmenn skóla	Símat	Áhugavekjandi verkefni, rétt þyngdarstig verkefna, iðn o.þ.h.	Verður sýnilegur.

## Samantekt

Starfsmannahópurinn í skólanum er fjölbreyttur en þarf að þetta raðirnar til að enn betur gangi. Vel er komið til móts við fjölbreyttan nemendahóp en gæta þarf þess að allir fái aðstoð við hæfi og taki virkan þátt. Jafnréttisvinna þarf meira rými.

## Gæðagreinir 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna

Gæðagreinir 6.1 er til að meta skólastefnu, hlutverk allra í skólasamfélaginu við stefnumótun. Samstarfi hagsmunaaðila sem tengjast starfi skólans. Hvernig skólastefnan endurspeglar sýn skólans, hvort henni sé viðhaldið, haldi takti við tíðarandann og stuðli þannig að auknum árangri nemenda.

Í Gæðagreini 6.1 gaf starfsfólk eftirfarandi einkunnir:

- Sameiginleg sýn heimila og skóla, fékk einkunnina 4,5.
- Stefna sveitarstjórnar, verkefni í héraði og á landsvísu, fékk einkunnina 4,5.
- Skóli fyrir alla og samvinna, fékk einkunnina 4.
- Endurskoðun og samræmi við gildandi lög, fékk einkunnina 3.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 6.1 er eftirfarandi:

### Sterku hliðarnar okkar

- Skólastefnan tekur mið af þörfum nemenda.

- Nemendur í forgrunni.
- Búbblan.
- Ávaxtastund
- Fyrirlestrar um mismunandi málefni.
- 

#### Veiku hliðarnar okkar

- Virkni skólasanfélagsins lítil við endurskoðun skólastefnu.
- Skólastefnan er óskýr.
- Það þarft virkni fleiri allra aðila í skólasamfélaginu til að koma að mótun skólastefnu, til að hún sé í takti við þarfir allra.
- Huga þarf að meiri breidd í námi.
- Foreldrar ekki með í ráðum.

#### Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að þekkja og fara eftir vinnuferlum.
- Skólastefnan sé sýnileg og farið yfir hana að hausti með starfsfólki.

#### Tillögur um aðgerðir:

- Gera skólastefnuna og vinnuferla sýnilega og aðgengilega fyrir alla.
- Hafa skólastefnuna sýnilegri.
- Mikilvægt að allir kynni sér skólastefnuna.

## Úrbótaáætlun

Hér er sett fram markmiðsett úrbótaáætlun.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Endurskoða skólastefnuna með öllum í skólasamfélaginu.	Stjórnendur.	Gert einu sinni á hverjum vetri.	Fund, rafræna kynningu.	Með samtali á næsta fundi.
Kynna skólastefnuna	Stjórnendur, fræðslufyrirvöld sveitarfélagsins	Gert einu sinni á ári.	Kynningarfund og/eða rafræna kynningu.	Með samtali.
Meiri breidd í námi.	Allir starfsmenn skóla.	Símat.	Koma til móts við þarfir allra í skóla margbreytileikans.	Með samtali á stigum.

## Samantekt

Sameiginleg sýn og virkni við mótun skólastefnu er metin í þokkalegu lagi. Tekið sé mið af þörfum nemenda og ýmsar leiðir til að auka vellíðan. Starfsfólk er óöruggt varðandi þekkingu á innihaldi skólastefnu og telur að kynna þurfi hana árlega, að hausti, til að allir gangi í takt. Mikilvægt er að vinnuferlar séu skýrir og allir meðvitaðir um að fylgja þeim.

## Gæðagreini 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

Gæðagreini 6.2 er til að meta þátttöku skólasamfélagsins í mótun stefnu og í störfum skólans. Áherlan á að allir séu upplýstir og samráð sé haft um aðgerðir til að efla skólastarfið.

Í Gæðagreini 6.2 gaf starfsfólk eftirfarandi einkunnir:

- Skoðanir og sérfræðiþekking alls skólasamfélagsins telur, fær einkunnina 4.
- Virk þátttaka allra og vettvangur til þess, fær einkunnina 3,5.
- Leiðbeiningar um samskipti við hagsmunaaðila til staðar, fær einkunnina 3,5.
- Skólasamfélagið kemur hugmyndum og tillögum á framfæri, fær einkunnina 3.
- 

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 6.2 er eftirfarandi:

### Sterku hliðarnar okkar

- Sérfræðiþekking skólasamfélagsins nýtt til að endurskoða og þróa skólastefnuna.
- Sérfræðiþjónusta er góð, en mætti vera sýnilegri.
- Við nýtum vel sérfræðiaðstoð.
- Starfsfólk getur komið skoðunum sínum á framfæri.
- Við erum tilbúin til að tryggja bættan árangur.

### Veiku hliðarnar okkar

- Of lítil virkni í áætlanagerð af hálfu aðila í skólasamfélaginu.
- Skólasamfélagið í heild veigrar sér við að leggja fram skoðanir sínar.
- Alltof langir biðlistar eftir sérfræðiþjónustu.
- Rödd starfsfólks heyrir ekki alltaf.
- Erfitt að koma á framfæri skoðunum allra svo allir séu ánægðir.
- Skólastefnan ekki nógu virkt plagg.

### Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að allir aðilar skólasamfélagsins treysti sér til að leggja fram tillögur.
- Að allir aðilar skólasamfélagsins séu virkir í stefnumótun.
- Að stytta biðlista og stytta boðleiðir milli aðila.
- Þátttaka allra aðila í skólasamfélaginu.
-

### Tillögur um aðgerðir:

- Virk hlustun
- Setja skólastefnu reglulega á dagskrá.

### Úrbótaáætlun

Hér er sett fram markmiðssett úrbótaáætlun.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Auka virkni í áætlanagerð. Virkja alla aðila skólasamfélagsins.	Fræðsluyfirvöld, stjórnendur.	Sífelld í endurskoðun.	Vilja. Skipulag.	Með samtali.
Efla sérfræðiþjónustu	Fræðsluyfirvöld	Símat.	Vilja og fjármagn.	Með samtali.

### Samantekt

Starfsfólk þarf að fá vettvang til að geta verið virkara í stefnumótun á skólastarfinu. Utanaðkomandi sérfræðiþjónusta og virkni skólasamfélagsins við stefnumótun virðist í farvegi en það vantar að stefna og framkvæmd tali betur saman. Kynna þyrfti skólastefnuna betur og reglulega til að allir séu meðvitaðir um hana. Verkferla þarf að skýra og boðleiðir að stytta.

### Álit á matsaðferð

Það að skipta starfsfólki í blandaða hópa, án samráðs við þá, var ekki heppileg aðferð. Miðað við niðurstöður fyrri ára, þá er heppilegra að starfsfólk velji sjálf hverjir eru saman í hóp þegar kemur að innra mati, því þá velja sig oft saman þeir sem vinna saman og hafa svipaðar skoðanir/sýn á starfið. Það að afhenda hópum alla Gæðagreinana í einu, ásamt leiðbeiningum, er ekki góð aðferð. Þó hóparnir hefðu töluverðan tíma til samstarfs, þá er greinilegt miðað við svörun að hóparnir lögðu mismikla vinnu í matið og einhverjir unnu að öllum líkindum alla Gæðagreinana á einum fundi. Það má álykta út frá því að tillögum og svörum, öðrum en því að krossa við, fækkar eftir því sem númer Gæðagreinis er hærra. Hærra númer þýðir að hann var aftar í bunkanum.

Greinilegt er að betra er að vinna að mati sem þessu á fundi, þar sem allir eru, og geta spurt leiðbeinanda ráða varðandi þá þætti sem eru óljósir.

Einungis einn af þeim hópum sem skiluðu leitaði til leiðbeinanda eftir leiðsögn.

Lagt er til að þessi matsaðferð verði ekki notuð aftur. Draga má í efa að niðurstöður gefi rétta mynd af starfinu, miðað við annars vegar að gera má ráð fyrir lítt ígrundaðri vinnu þegar farið er yfir mikið magn kannana í einu og hins vegar að gera má ráð fyrir að einhver atriði hafi verið óljós og þá giskað í stað þess að leita ráða, sé miðað við þær spurningar sem bornar hafa verið fram þegar Gæðagreinir hefur verið lagður fyrir á fundi.

Lagt er til að næsta vetur verði einnig lagðar fyrir styttri kannanir varðandi afmörkuð atriði, t.a.m. teymiskennslu, samstarf og skólabrag. Einnig varðandi sérverkefni skólans eins og jólaúrvarpið og 100 daga hátíðina.

## Samræmd próf

Samræmd próf voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september. Allir nemendur þreyttu próf, þeir sem voru með undanþágu frá samræmdu prófi, leystu einstaklingsmiðað skólapróf. Öll prófin voru rafræn. Nemendur voru almennt ánægðir með að leysa prófin rafrænt, í spjaldtölvu, og lögðu sig fram við að leysa verkefni af metnaði og áhuga. Mjög gott fyrir skipulag kennslu þessara bekkja er að niðurstöður liggja fyrir seint að hausti. Þá er hægt að nýta niðurstöðurnar til að bregðast við eins og þarf. Tæknileg atriði við fyrirlögn gengu vel.

Hjá 4. bekk í íslensku kom fram að prófþættir eru nokkuð jafnir, en æfa þarf málnotkun betur. Í stærðfræði hjá 4. bekk voru þeir þættir sem prófaðir eru; tölur og talnaskilningur, reikniaðgerðir og rúmfræði, nokkuð jafnir. Í 7. bekk eru framfarir nemenda almennt svipaðar og gerist almennt á landsvísu. Þeir þættir sem eru prófaðir; málnotkun og lestur, eru fremur jafnir. Í framhaldi af þessum niðurstöðum funduðu umsjónarkennarar og deildarstjóri sérkennslu með fulltrúa sérfræðipjónustunnar. Farið var yfir niðurstöður, gerð úrbótaáætlun og aukinn/færður til stuðningur eins og þurfa þótti.

Samræmd próf voru lögð fyrir nemendur 9. bekkjar snemma í mars. Prófin voru alfarið rafræn og búið var að taka út ritunarpáttinn, þannig að það var auðvelt fyrir nemendur að nota spjaldtölvur við að leysa prófið. Fyrirlögn gekk vel til að byrja með í íslenskuprófinu, en svo fór að bera á því að tenging rofnaði og illa gekk að skrá sig inn. Strax var farið í að kanna nettengingar á staðnum, því engin tilkynning kom frá Menntamálastofnun. En þegar á leið kom tilkynning um að verið væri að laga kerfið og síðar var prófinu frestað, það var þó ekki fyrr en langt var liðið á próftímann. Þetta olli stressi og óöryggi hjá nemendum og það er gagnrýnisvert að prófið skyldi ekki blásið af fyrr, því nemendur reyndu að drífa sig eins og þeir gátu þegar þeir náðu að skrá sig inn og því má draga þá ályktun að árangur þeirra hafi verið lakari en vænta mætti í góðum prófaðstæðum. Stærðfræðiprófið gekk vel, en nemendur voru óöryggir, höfðu áhyggjur af því að þetta yrði eins og í íslenskuprófinu. Í enskuprófinu komu upp svipuð atvik og í íslenskuprófinu, en prófið var blásið af fyrr og færri nemendur sem náðu ekki tengingu við kerfið. Prófin í ensku og íslensku voru lögð fyrir aftur seint í byrjun maí. Nemendur höfðu val um það hvort þeir tækju próf aftur. Um það bil þriðjungur nemenda í 9. bekk ákvað að taka prófið aftur. Þá gekk fyrirlögn vel og allir voru sáttir.

## Lokaorð

Það vinnulag sem notað var í vetur er óhentugt og huga þarf að breytingum fyrir næsta vetur. Það er hverjum skóla nauðsynlegt að meta sitt starf, auk þess sem lög kveða á um að slíkt skuli gera. Í gegnum sjálfsmat sem unnið er af öllum starfsmönnum skóla má sjá ýmislegt, til að mynda hverjir taka forystuhlutverkið, hver mannauður skólans er og hvernig samvinna gengur. Gott innra mat getur leitt af sér enn betra skólastarf.